

6. Stjórnarfundur FENÚR,

haldinn 7. apríl 1999, kl. 15:30 á skrifstofu SORPU, Gufunesi.

Mættir: Magnús Stephensen, Gunnar Bragason, Ingi Arason, Pétur Bjarnason, Ásmundur Reykdal og Jóhannes Pálsson í síma

Fundargerð.

Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og samþykkt. Í ljós kom að enginn fundarmanna kannaðist við að hafa fengið fundargerðina með tölvupósti nema Pétur Bjarnason. Fundarritari mun framvegis ganga úr skugga um að fundargerðir komist til viðtakenda.

Lokaundirbúningur.

Aðal efni fundarins var að ganga endanlega frá undirbúningi vegna aðalfundar FENÚR og fundar ráðgjafastjórnar. Staðfest var tilnefning talsmanna starfshópa frá síðasta fundi og einnig tillaga um Gunnar Bragason, sem formann ráðgjafastjórnar FENÚR.

Framkvæmdaatriði fyrir fundarstörf.

M.St. falið að kanna kostnað vegna notkunar myndvarpa fyrir PowerPoint á fundinum og að kostnaður við það fari ekki yfir 15.000 kr.

M.St. lagði fram lista yfir gögn, sem afhent verða á fundinum; s.s. lista yfir ráðgjafastjórn, félagatal í stafrófsröð, skráningar blað fyrir þáttakendur þar sem fram eiga að koma nöfn, símanúmer og tölvupóstfang og skráningarblað vegna starfshópa. Þeir fyrirlestrar eða minnisþingir sem tilbúnir verða, munu liggja frammi.

M.St tekur að sér að kanna stöðu greiðslu félagsgjalda og hvetja félag, þá sem enn hafa ekki greitt, að greiða þau fyrir aðalfund.

Útbúin verði spjöld til notkunar við atkvæðagreiðslur, ef á þarf að halda.

Útbúin verði skilti fyrir starfhópa.

Rætt um fyrirkomulag panelumræðna. Frummælendur sitji við panelborðið og svari fyrirspurnum þaðan.

Ákveðið að stjórnarmenn hittist kl. 11:30 í Skrúð, Hótel Sögu, til loka undirbúnings fyrir aðalfund.

Undirbúningur heimasíðu FENÚR.

Jóhannes greindi frá möguleikum á skráningu heimasíðu félagsins og var ákveðið að hann tæki að sér að sækja um skráningu á “fenur.com” í gegnum INTENIC miðlarann.

Önnur mál.

Umræður urðu um RANNÍS og hvernig val fer fram á styrkveitingum af þeirra hálfu. Ögmundur Einarsson kom á fundinn og las úr bréfi stofnunarinnar athyggisverðan kafla hvað þetta varðar. Ö.E. greindi einnig frá störfum umbúðanefndar, þar sem fram kom að af hálfu Umhverfisstofnunarinnar hefur ekkert gerst varðandi starf nefndarinnar undanfarið misseri.

Næst fundur 12. Maí nk. kl. 15:30

Fundi slitið kl. 16:40

Fundaritari: Ásmundur Reykdal.